

Efni: Áform um styttingu ábyrgðartíma Ábyrgðasjóðs launa úr 18 mánuðum í 12 mánuði. Verði ábyrgðartími Ábyrgðasjóðs launa stytur í 12 mánuði mun það skerða verulega innheimtu Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda á ótilgreindum iðgjöldum skv. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 129/1997, eða gera hana að mestu óvirka, þegar launagreiðandi verður gjaldþrota.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/2003 takmarkast ábyrgð Ábyrgðasjóðs launa við kröfur sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir úrskurðardag vegna gjaldþrots (eða frestdag ef það er hagstæðara fyrir kröfuhafa). Þetta tímabil er lögmælt hámarkstímabil og verður ekki rýmkað með stjórnvaldsfyrirmælum. Þannig glatast allar kröfur sem gjaldfalla utan þessa tímabils og fást ekki greiddar úr sjóðnum við gjaldþrot launagreiðanda, eins og staðfest er í úrskurðarframkvæmd og dómum héraðsdóms.

Innheimtuskylða Söfnunarsjóðsins skv. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 129/1997 virkjust fyrst eftir að ríkisskattstjóri hefur lokið álagningu opinberra gjalda árið eftir tekjuár og tekið saman yfirlit yfir þá aðila þar sem enginn lífeyrissjóður var tilgreindur, jafnan í lok september ár hvert. Þetta þýðir að þegar Söfnunarsjóðurinn fær upplýsingar um vanskilin og getur fyrst hafið innheimtu, hafa að lágmarki liðið 9 til 18 mánuðir frá upphaflegum gjalddaga iðgjaldanna. Ef ábyrgðartími Ábyrgðarsjóðs launa er 18 mánuðir, rúmast verulegur hluti þessara iðgjalda enn innan tímabilsins ef vinnuveitandi verður gjaldþrota skömmu eftir að innheimta hefst. Ef tímabilið verður hins vegar styttr í 12 mánuði, munu nánast öll iðgjöld undangengins tekjuárs þegar í stað falla utan ábyrgðartímabilsins áður en Söfnunarsjóðurinn hefur jafnvel fengið gögnin frá skattyfirvöldum eða getað gripið til innheimtuaðgerða.

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 462/2003 er ábyrgð Ábyrgðasjóðs launa á lífeyrisiðgjöldum háð því skilyrði að innheimtuaðgerðir hefjist innan þriggja mánaða frá eindaga kröfu. Undanþágan í 6. mgr. 14. gr. sömu reglugerðar heimilar Ábyrgðasjóði launa að víkja frá þessum þriggja mánaða innheimtufresti ef lífeyrissjóðurinn gat ekki í tæka tíð vitað um tilvist kröfunnar, svo sem þegar honum var ókunnugt um tilvist iðgjaldskröfunnar.

Söfnunarsjóðurinn nýtur nú verndar undanþágunnar skv. 6. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar vegna þess að honum er ókunnugt um kröfurnar þar til skattyfirvöld senda yfirlitið. Ábyrgðasjóður launa viðurkennir því kröfur hans þrátt fyrir að liðnir séu meira en þrír mánuðir frá upphaflegum eindaga, svo framarlega sem kröfurnar gjaldféllu innan hins lögboðna 18 mánaða ábyrgðartímabils. Ef þetta tímabil er styttr í 12 mánuði með lagabreytingu, hjálpar reglugerðarundanþágan ekkert varðandi þær kröfur sem eru eldri en 12 mánaða. Þær munu sjálfkrafa og fortakslaust falla utan lagaábyrgðarinnar, óháð því hversu fljótt eða vel Söfnunarsjóðurinn bregst við þegar hann fær gögnin frá ríkisskattstjóra.

Stytting ábyrgðartímans mun þannig leiða til þess að fjöldi launþega glatar lífeyrisréttindum sínum varanlega, þar sem lífeyrissjóður er lögum samkvæmt óheimilt að ábyrgjast réttindi sem glatast við gjaldþrot og fást ekki bætt úr Ábyrgðasjóði launa sbr. 3. málsl. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 129/1997. Söfnunarsjóðurinn mun áfram lýsa kröfunum í protabúið en þar sem lítið sem ekkert fæst upp í almennar kröfur eða forgangskröfur í flestum protabúum, mun endanlegt tap lenda á launþegunum sjálfum. Lífeyrisréttindi þeirra munu skerðast varanlega fyrir það eitt að vinnuveitandi þeirra sinni ekki tilkynningarskyldu sinni og fór síðan í þrot.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 129/1997 er gjalddagi iðgjalda vegna hvers mánaðar lögákveðinn þann 10. dag næsta mánaðar og eindagi síðasti dagur þess mánaðar. Réttindaávinnsla og ávöxtun reiknast almennt frá þessum lögákveðnu tímamörkum, sbr. 2. mgr.

13. gr. sömu laga. Ennfremur krefst 2. mgr. 15. gr. sömu laga þess að sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum, þar af a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en orkutapið varð, til þess að eiga rétt á framreikningi örorkulífeyris (framtiðarútreikningi bóta).

Fyrir liggur að árleg gögn Ríkisskattstjóra berast í einu lagi eftir á og er ekki skipt niður á mánuði af embættinu. Okkur þykir vert að benda á að ef Söfnunarsjóðurinn færi þá leið að bregðast við fyrirhugaðri styttingu ábyrgðartímabilsins með þeim hætti að gjöldin yrðu öll felld undir síðasta lögleyfða gjalddaga hvers árs, sbr. fyrirnefnda 7. gr. laganna, færi launþeginn í fyrsta lagi á mis við allt að heilu ári í ávöxtun (vöxtum) hjá sjóðnum á þeim iðgjöldum sem raunverulega áttu að greiðast jafnt og þétt yfir árið. Í öðru lagi, og það sem alvarlegra er, myndi það raska hinu reglulega greiðsluferli sem er forsenda fyrir framreikningi örorkubóta og annarra lífeyrisgreiðslna skv. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997. Ef launþegi verður fyrir orkutapi og iðgjöld hans eru aðeins bókfærð sem ein greiðsla í desember í stað mánaðarlegra greiðslna, gæti hann ómögulega sýnt fram á að hann hafi greitt iðgjöld í „a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum“. Viðkomandi launþegi færi þá algerlega á mis við framreikninginn og fengi örorkubætur reiknaðar einungis út frá örfáum áunnum réttindum, sem gæti þýtt tugmilljóna króna varanlegt tjón fyrir viðkomandi einstakling. Slík kjaraskerðing myndi þá ná jafnt yfir alla launþega hverra iðgjöld væru innheimt á sama lagagrundvelli, en þeir hlaupa á þúsundum ár hvert.

Í ljósi framangreinds er það mat Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda að rétt væri að falla frá áformum um styttingu ábyrgðartíma Ábyrgðarsjóðs launa úr 18 mánuðum í 12 mánuði, eða til vara að veitt verði sérstök undanþága í lögum nr. 88/2003 fyrir iðgjaldakröfur sem innheimtar eru á grundvelli 5. mgr. 6. gr. laga nr. 129/1997 þar sem ábyrgðartímabilið verði áfram 18 mánuðir. Þannig er hægt að tryggja og innheimta iðgjöldin afturvirktt sem mánaðarlegar greiðslur frá þeim tíma sem þau raunverulega áttu að greiðast, án þess að grípa þurfi til ráðstafana á borð við að færa gjalddagana til desember, sem myndi stórkaða bæði ávöxtun og örorkuvernd sjóðfélaga.

Fyrir hönd SL lífeyrissjóðs

Guðmundur S. Steindórsson

framkvæmdastjóri